

Nd.

17. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 63. löggjafarþingi, 1944.)

1. gr.

Í stað orðanna „til ársloka 1942“ í 1. lið 3. gr. laganna komi: til ársloka 1944.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Heimild sú, sem ríkisstjórninni er veitt í 1. lið 3. gr. laga nr. 29 18. febr. 1943, féll niður við síðustu áramót. Með því að ástæður hafa ekki breytzt frá því, er þau lög voru sett, er enn farið fram á framlenging á heimildinni í eitt ár. Frumvarp samhljóða þessu lá fyrir Alþingi 1943, 62. löggjafarþingi, en varð ekki útrætt.